



Nr. 23

REGLUGERÐ

Um gildissvið alþjóðlegra reglna og lausn ágreinings.

1. gr.

Allar deildir, aðildarfélög, lið og einstaklingar sem heyra undir lögsögu Íshokkísambands Íslands (ÍHÍ), eða eru bundin samningi við sambandið og/eða starfa samkvæmt leyfi þess, skulu, að því er varðar öll alþjóðleg málefni, lúta lögum, samþykktum, reglugerðum, siðareglum, opinberum leikreglum og viðeigandi ákvörðunum Alþjóða Íshokkísambandsins (IIHF).

Sama gildir um einstaklinga, félög, samtök, deildir og aðra aðila sem hafa heimild ÍHÍ til að skipuleggja eða standa fyrir íshokkíleikjum.

2. gr.

Aðilar samkvæmt þessari grein skuldbinda sig til að vísa ekki ágreiningi, sem rekja má til framangreindra reglna eða ákvarðana IIHF, til þriðja aðila til úrlausnar. Hafi allar tiltækar kæruleiðir innan IIHF verið tæmdar má þó vísa ágreiningi til Alþjóða íþróttadómstólsins (Court of Arbitration for Sport – CAS) í Lausanne í Sviss. Aðrir dómstólar eða úrskurðaraðilar skulu ekki hafa lögsögu um slíkan ágreining.

3. gr.

Reglur og reglugerðir IIHF um lyfjaeftirlit, heilindi og siðferðileg málefni skulu gilda um ÍHÍ og þá aðila sem undir sambandið heyra. Þar undir falla meðal annars, en ekki eingöngu:

- a) Alþjóðalyfjareglurnar (World Anti-Doping Code);
- b) reglur IIHF um hagræðingu úrslita og ólöglegt áhrif á keppnir (IIHF Competition Manipulation Regulations);
- c) siðareglur IIHF (IIHF Ethics Regulations); og
- d) reglur IIHF um ofbeldi, áreitni og misnotkun (IIHF Abuse and Harassment Regulations).

4. gr.

ÍHÍ og þeir aðilar sem undir sambandið heyra skulu hlíta framangreindum reglum, svo og breytingum sem á þeim kunna að verða.